# Sláturfélag Suðurlands svf.

## Samandreginn samstæðuárshlutareikningur 1. janúar - 30. júní 2020

Sláturfélag Suðurlands svf.
Fosshálsi 1
110 Reykjavík
kt. 600269-2089

# Sláturfélag Suðurlands svf.

## Samandreginn samstæðuárshlutareikningur 1. janúar - 30. júní 2020

**Efnisyfirlit**



| | |
|---|---|
| Skýrsla stjórnar | 2-3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Yfirlit um heildarafkomu | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Yfirlit um eigið fé | 7 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 8 |
| Skýringar | 9-10 |

# Skýrsla stjórnar

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Sláturfélag Suðurlands svf. er samvinnufélag og tilgangur félagsins skv. samþykktum er að annast slátrun, úrvinnslu og sölu á framleiðslu félagsmanna. Félagið flytur einnig inn vörur og stundar aðra verslun eftir því sem það styrkir sölu á framleiðslu félagsins. Með hliðsjón af tilgangi félagsins og stöðu þess er höfuðmarkmið félagsins að vera leiðandi matvælafyrirtæki sem starfar á heildsölustigi og dreifir vörum á landsvísu. Félagið starfar á þremur sviðum, slátrun, matvælaiðnaði og innflutningi matvæla, áburðar og fóðurs.

Dótturfélög Sláturfélags Suðurlands svf. eru tvö. Reykjagarður hf. sem er félag í kjúklingaframleiðslu og sölu á kjúklingaafurðum. Skrifstofa félagsins er í Reykjavík, en afurðavinnsla félagsins fer fram á Hellu í Rangárvallasýslu. Hollt og gott ehf. er í framleiðslu og sölu á salati og grænmetisvörum og er starfstöð félagsins í Reykjavík.

**Starfsemin á tímabilinu**

| | |
|---|---|
| Tap samstæðunnar á tímabilinu jan. - jún. 2020 samkvæmt rekstrarreikningi nam.......... | (21.141) |
| Eignir samstæðunnar í lok júní 2020 samkvæmt efnahagsreikningi námu....................... | 10.126.007 |
| Bókfært eigið fé í lok júní 2020 samkvæmt efnahagsreikningi nam............................... | 5.284.700 |
| Inneign í stofnsjóði A-deildar í lok júní 2020 samkvæmt efnahagsreikningi nam.............. | 357.909 |
| Inneign í stofnsjóði B-deildar í lok júní 2020 samkvæmt efnahagsreikningi nam.............. | 180.074 |
| Eiginfjárhlutfall samstæðunnar í lok júní 2020 samkvæmt efnahagsreikningi nam............ | 52,2% |

**Stofnsjóðir og eigendur**

Í lok júní 2020 er fjöldi félagsaðila 2.168 sem eiga yfir kr. 1.000 í stofnsjóði A-deildar en þeir voru 2.170 í ársbyrjun. Enginn stofnsjóðseigandi á yfir 10% af stofnsjóði A-deildar.

Í lok júní 2020 eru hluthafar í stofnsjóði B-deildar 550 en þeir voru 558 í ársbyrjun.

| | Hlutdeild | Hlutir |
|---|---|---|
| Birta lífeyrissjóður.................................................................................................. | 33,71% | 67.411 |
| Landsbankinn hf........................................................................................................ | 20,61% | 41.219 |
| Sláturfélag Suðurlands svf......................................................................................... | 9,96% | 19.926 |
| Festa lífeyrissjóður.................................................................................................. | 5,98% | 11.965 |
| Steingrímur Aðalsteinsson......................................................................................... | 2,21% | 4.423 |
| Magnús Benediktsson.......................................................................... | 2,00% | 4.000 |
| Helgi Eggertsson....................................................................................................... | 1,19% | 2.370 |
| Tannín ehf................................................................................................................ | 1,06% | 2.124 |
| Auðhumla svf............................................................................................................ | 1,04% | 2.080 |
| Rama ehf.................................................................................................................. | 0,59% | 1.172 |
| Aðrir......................................................................................................................... | 21,65% | 43.309 |
| Samtals..................................................................................................................... | 100,00% | 200.000 |

Eign Sláturfélags Suðurlands svf. er færð til lækkunar á stofnsjóðseign í B-deild meðal eiginfjárreikninga.

**Stjórn félagsins**

Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum og skulu þeir kosnir á aðalfundi úr hópi félagsmanna til eins árs í senn. Í aðalstjórn skal hlutfall hvors kyns fyrir sig ekki vera lægra en 40%. Í stjórn Sláturfélags Suðurlands svf., sitja tvær konur og þrír karlmenn. Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf. uppfyllir því skilyrði 27. gr. laga um Samvinnufélög nr. 22/1991 um kynjahlutföll, en þar er kveðið á um að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%.

**COVID-19**

Eins og kunnugt er þá hafa áhrif af Kórónuveirunni COVID-19 haft víðtæk áhrif á viðskiptalíf landsins. Áhrifin á stöðu samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. á fyrstu sex mánuðum ársins hafa verið að rekstrartekjur hafa lækkað vegna samdráttar í veitingargeiranum, auk fækkunar á erlendum ferðamönnum. Áframhaldandi óvissa er um hver verða áhrifin af COVID-19 til næstu framtíðar, en það er þó mat stjórnenda samstæðunnar að ekki sé vafi um rekstarhæfi hennar vegna þessa. Sjá nánari upplýsingar í skýringu nr. 7.

# Skýrsla stjórnar

**Yfirlýsing stjórnar og forstjóra**
Að áliti stjórnar og forstjóra Sláturfélags Suðurlands svf. koma fram í samstæðuárshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í lok júní 2020, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2020 , auk þess að greina frá áhættustýringu og þeim óvissuþáttum sem samstæðan kann að mæta.

Stjórn og forstjóri Sláturfélags Suðurlands svf. staðfestir hér með samstæðuárshlutareikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. ágúst 2020

**Í stjórn**

Hallfreður Vilhjálmsson
stjórnarformaður

Kristinn Jónsson
varaformaður

Ingibjörg Daníelsdóttir

Guðrún S. Magnúsdóttir

Sverrir Gíslason

**Forstjóri**

Steinþór Skúlason

# Áritun óháðra endurskoðenda

**Til stjórnar og eigenda í Sláturfélagi Suðurlands svf.**

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2020. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuárshlutareikningnum**
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samstæðuárshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutauppgjör, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

**Ábyrgð endurskoðanda við könnun**
Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um samstæðuárshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

**Umfang könnunar**
Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum samstæðunnar ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

**Ályktun**
Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2020, efnahag hennar 30. júní 2020 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Kópavogi, 20. ágúst 2020

**Deloitte ehf.**

Halldór Arason
endurskoðandi

# Rekstrarreikningur og yfirlit yfir heildarafkomu 1. janúar - 30. júní 2020

| | Skýr. | 2020<br>1.1. - 30.6. | 2019<br>1.1. - 30.6. |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 3 | 5.891.387 | 6.008.681 |
| Aðrar tekjur | | 165.566 | 159.587 |
| Vöru- og umbúðarnotkun | | (3.132.974) | (3.109.708) |
| Laun og launatengd gjöld | | (1.647.106) | (1.635.255) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (978.870) | (1.017.176) |
| Afskriftir fastafjármuna | | (243.518) | (235.198) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 54.484 | 170.931 |
| Fjármunatekjur | | 17.562 | 12.268 |
| Fjármagnsgjöld | | (105.151) | (121.258) |
| | | (87.589) | (108.990) |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | | 3.267 | 0 |
| **(Tap), hagnaður tímabilsins fyrir skatta** | | (29.837) | 61.941 |
| Tekjuskattur | | 8.696 | (4.493) |
| **(Tap), hagnaður tímabilsins** | | (21.141) | 57.448 |

**(Tap) hagnaður á hlut**

| | | | |
|---|---|---|---|
| (Tap) hagnaður á hlut | | (0,04) | 0,11 |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2020

| Eignir | Skýr. | 30.06.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 4 | 6.052.335 | 6.039.033 |
| Leigueignir | | 629.322 | 644.875 |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | | 42.505 | 39.238 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | | 5.470 | 5.470 |
| | | 6.729.632 | 6.728.615 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | 5 | 1.566.526 | 1.798.762 |
| Viðskiptakröfur | | 1.725.019 | 1.062.824 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 59.280 | 74.840 |
| Handbært fé | | 45.550 | 215.127 |
| | | 3.396.375 | 3.151.553 |
| **Eignir** | | 10.126.007 | 9.880.169 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Stofnsjóður A-deild | | 357.909 | 354.755 |
| Stofnsjóður B-deild | | 180.074 | 180.074 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 159.111 | 159.111 |
| Lögbundinn varasjóður | | 138.689 | 138.689 |
| Annað bundið eigið fé | | 1.093.552 | 1.212.303 |
| Óráðstafað eigið fé | | 3.355.365 | 3.290.981 |
| **Eigið fé** | | 5.284.700 | 5.335.913 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Langtímaskuldir | 6 | 2.048.400 | 2.065.450 |
| Leiguskuldbinding | | 682.230 | 691.558 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 423.459 | 443.663 |
| | | 3.154.089 | 3.200.671 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 710.846 | 480.667 |
| Skuldir við lánastofnanir | | 46.694 | 0 |
| Skuld vegna fjárfestinga | | 18.615 | 5.315 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | | 97.260 | 95.234 |
| Næsta árs afborganir af leiguskuldbindingu | | 18.945 | 20.473 |
| Ógreiddir reiknaðir skattar | | 38.466 | 33.847 |
| Skuldir við tengd félög | | 7.343 | 8.561 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 749.048 | 699.488 |
| | | 1.687.218 | 1.343.585 |
| **Skuldir** | | 4.841.307 | 4.544.256 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 10.126.007 | 9.880.169 |

# Yfirlit um eigið fé 1. janúar - 30. júní 2020

| | Stofnsjóður A-deild | Stofnsjóður B-deild | Annað bundið eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2019 ...................... | 353.450 | 180.074 | 1.639.448 | 3.155.946 | 5.328.918 |
| Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild ... | 3.075 | | | | 3.075 |
| Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild ..... | (6.133) | | | | (6.133) |
| Reiknaðir vextir af A-deild ......... | 16.917 | | | (16.917) | 0 |
| Fjármtekjusk. vaxta af A-deild ... | (3.722) | | | | (3.722) |
| Varasjóður A-deild .................. | (13.201) | | | 13.201 | 0 |
| Greiddur arður af B-deild .......... | | | | (23.878) | (23.878) |
| Áhrif af IFRS 16 innleiðingu ......... | | | | (44.907) | (44.907) |
| Afskrift af endurmati .................. | | | (18.354) | 18.354 | 0 |
| Fært á bundinn hlutad.reikning .. | | | (51.363) | 51.363 | 0 |
| Heildarafkoma tímabilsins ........... | | | | 57.448 | 57.448 |
| Eigið fé 30.6.2019 ..................... | 350.386 | 180.074 | 1.569.731 | 3.210.610 | 5.310.801 |
| Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild ... | 7.251 | | | | 7.251 |
| Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild ..... | (2.882) | | | | (2.882) |
| Afskrift af endurmati .................. | | | (18.354) | 18.354 | 0 |
| Fært á bundinn hlutad.reikning .. | | | (41.600) | 41.600 | 0 |
| Heildarafkoma tímabilsins ........... | | | | 20.743 | 20.743 |
| Tillag í lögbundinn varasjóð ........ | | | 326 | (326) | 0 |
| Eigið fé 1.1.2020 ...................... | 354.755 | 180.074 | 1.510.103 | 3.290.981 | 5.335.913 |
| Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild ... | 2.652 | | | | 2.652 |
| Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild ..... | (7.632) | | | | (7.632) |
| Reiknaðir vextir af A-deild ......... | 10.428 | | | (10.428) | 0 |
| Fjármtekjusk. vaxta af A-deild ... | (2.294) | | | | (2.294) |
| Greiddur arður af B-deild .......... | | | | (22.797) | (22.797) |
| Afskrift af endurmati .................. | | | (18.354) | 18.354 | 0 |
| Fært á bundinn hlutad.reikning .. | | | (100.397) | 100.397 | 0 |
| Heildarafkoma tímabilsins ........... | | | | (21.141) | (21.141) |
| Eigið fé 30.6.2020 ..................... | 357.909 | 180.074 | 1.391.351 | 3.355.365 | 5.284.700 |

| Annað bundið eigið fé greinist þannig: | Hlutdeildar-reikningur | Yfirverðs-reikningur | Lögbundinn varasjóður | Endurmats-reikningur | Samtals annað bundið eigð fé |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2019 .................... | 428.156 | 159.111 | 138.363 | 913.818 | 1.639.448 |
| Afskrift af endurmati ................ | | | | (18.354) | (18.354) |
| Fært á bundinn hlutad.reikning .. | (51.363) | | | | (51.363) |
| Eigið fé 30.6.2019 ................... | 376.793 | 159.111 | 138.363 | 895.464 | 1.569.731 |
| Afskrift af endurmati ................ | | | | (18.354) | (18.354) |
| Fært á bundinn hlutad.reikning .. | (41.600) | | | | (41.600) |
| Tillag í lögb. varasj. ................. | | | 326 | | 326 |
| Eigið fé 1.1.2020 .................... | 335.193 | 159.111 | 138.689 | 877.110 | 1.510.103 |
| Afskrift af endurmati ................ | | | | (18.354) | (18.354) |
| Fært á bundinn hlutad.reikning .. | (100.397) | | | | (100.397) |
| Eigið fé 30.6.2020 ................... | 234.796 | 159.111 | 138.689 | 858.756 | 1.391.351 |

# Yfirlit um sjóðstreymi 1. janúar - 30. júní 2020

| | Skýr. | 2020<br>1.1. - 30.6. | 2019<br>1.1. - 30.6. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður .......................................................... | | 54.484 | 170.931 |
| Afskriftir .......................................................................... | | 243.518 | 235.198 |
| Söluhagnaður fastafjármuna ........................................... | | (857) | (8.401) |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | | 297.145 | 397.728 |
| Vörubirgðir, lækkun ....................................................... | 5 | 232.236 | 367.711 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun) ............................ | | (652.478) | (592.480) |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun ..................................... | | 279.186 | 407.868 |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 156.089 | 580.828 |
| Innborgaðir vextir og arður ............................................ | | 8.008 | 9.358 |
| Greiddir vextir ............................................................... | | (73.696) | (72.063) |
| Greiddur tekjuskattur ..................................................... | | (6.890) | (14.001) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 83.511 | 504.121 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir ................................ | | (230.215) | (328.602) |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir .................................. | | 3.100 | 37.150 |
| | | (227.115) | (291.452) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímaskulda .............................................. | | (47.742) | (43.855) |
| Afborganir af leiguskuldbindingu ..................................... | | (10.252) | (9.608) |
| Hækkun/(lækkun) á skammtímask. við lánastofn. .............. | | 46.694 | (24.296) |
| Stofnsjóðsgreiðslur A-deild ............................................. | | (7.274) | (6.780) |
| Greiddur arður af B-deild stofnsjóðs ................................ | | (22.797) | (23.878) |
| | | (41.371) | (108.417) |
| (Lækkun), hækkun handbærs fjár .................................... | | (184.976) | 104.252 |
| Handbært fé í upphafi árs .............................................. | | 215.127 | 75.607 |
| Áhrif gengisbreytinga á handbært fé ................................ | | 15.398 | 1.695 |
| Handbært fé í lok júní 2020 ............................................ | | 45.550 | 181.554 |

# Skýringar

## 1. Alþjóðlegur reikningsskilastaðall IAS 34

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur Sláturfélags Suðurlands svf. er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur Sláturfélags Suðurlands svf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í samstæðuársreikningi félagsins og ætti að lesast í samhengi við samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2019. Samstæðuársreikningur Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2019 má finna á heimasíðu félagsins www.ss.is.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að ákveðnar eignir og fjármálagerningar eru færðir á endurmetnu virði eða gangvirði. Samstæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

## 3. Rekstrartekjur

| Rekstrartekjur samstæðunnar greinast þannig: | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Sala innanlands | 5.771.224 | 5.866.614 |
| Sala erlendis | 120.163 | 142.067 |
| | 5.891.387 | 6.008.681 |

## 4. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Fasteignir og lóðir | Vélar og áhöld | Bifreiðar og flutningstæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | |
| Staða 1.1.2019 | 7.106.458 | 2.789.211 | 394.292 | 10.289.962 |
| Eignfært á árinu | 47.047 | 277.493 | 34.928 | 359.468 |
| Selt og aflagt á árinu | (26.953) | (42.584) | (20.334) | (89.871) |
| Staða 1.1.2020 | 7.126.552 | 3.024.120 | 408.886 | 10.559.559 |
| Eignfært á árinu | 54.112 | 181.304 | 8.100 | 243.516 |
| Selt og aflagt á árinu | 0 | 0 | (12.550) | (12.550) |
| Staða 30.6.2020 | 7.180.664 | 3.205.424 | 404.436 | 10.790.525 |
| **Afskriftir** | | | | |
| Staða 1.1.2019 | 2.876.291 | 1.003.575 | 255.555 | 4.135.421 |
| Afskrift ársins | 174.822 | 228.074 | 41.314 | 444.210 |
| Selt og aflagt á árinu | (1.006) | (41.495) | (16.604) | (59.105) |
| Staða 1.1.2020 | 3.050.107 | 1.190.154 | 280.265 | 4.520.526 |
| Afskrift ársins | 87.802 | 119.735 | 20.433 | 227.971 |
| Selt og aflagt á árinu | 0 | 0 | (10.307) | (10.307) |
| Staða 30.6.2020 | 3.137.909 | 1.309.889 | 290.391 | 4.738.190 |
| **Bókfært verð** | | | | |
| Staða 1.1.2019 | 4.230.167 | 1.785.636 | 138.737 | 6.154.541 |
| Staða 1.1.2020 | 4.076.445 | 1.833.966 | 128.621 | 6.039.033 |
| Staða 30.6.2020 | 4.042.755 | 1.895.535 | 114.045 | 6.052.335 |
| **Bókfært verð án endurmats** | | | | |
| Staða 1.1.2019 | 3.087.894 | 1.785.636 | 138.737 | 5.012.267 |
| Staða 1.1.2020 | 2.980.058 | 1.833.966 | 128.621 | 4.942.645 |
| Staða 30.6.2020 | 2.969.311 | 1.895.535 | 114.045 | 4.978.891 |
| Nýtingartími eigna | 25-50 ár | 5-17 ár | 5-8 ár | |

# Skýringar

## 5. Vörubirgðir

| | 30.06.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|
| Afurðir, vörur í vinnslu og fullunnar vörur | 730.579 | 1.069.675 |
| Áburður, fóður og plast | 387.521 | 355.503 |
| Rekstrarvörur | 172.696 | 148.511 |
| Ýmsar vörur | 275.730 | 225.073 |
| | 1.566.526 | 1.798.762 |

## 6. Langtímaskuldir

| | 30.06.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 877.696 | 886.382 |
| Skuldir við lífeyrissjóði | 1.267.964 | 1.274.302 |
| | 2.145.661 | 2.160.684 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (97.260) | (95.234) |
| Langtímaskuldir í árslok | 2.048.400 | 2.065.450 |

## 7. COVID-19

Mjög óvenjulegar aðstæður hafa skapast vegna Kórónuveirunnar COVID-19 sem hefur haft víðtæk áhrif á viðskiptalíf landsins. Áhrifin á stöðu samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. á fyrstu sex mánuðum ársins hafa verið að rekstrartekjur hafa lækkað vegna samdráttar í veitingargeiranum, auk fækkunar á erlendum ferðamönnum. Stjórnendur áætla að tekjusamdráttur vegna COVID-19 sé um 3%. Gert er ráð fyrir að áframhaldandi samdrætti á seinni árshelmingi. Samstæðan þurfti að ráðast í aðgerðir vegna smitvarna sem jók launakostnað félagsins um 2-3%. Áhrif COVID-19 á innheimtu viðskiptakrafna hafa verið óveruleg hingað til. Áframhaldandi óvissa er um hver verða áhrifin af COVID-19 til næstu framtíðar, en það er þó mat stjórnenda samstæðunnar að ekki sé vafi um rekstarhæfi hennar vegna þessa.